

Háskólinn á Hólum – Námsreglur

1. kafli – Reglur um grunnnám

1.1 Inntökuskilyrði

Umsækjandi þarf að hafa lokið stúdentsprófi eða staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfnisþrepi. Nemendum sem ekki hafa viðkomandi próf er heimilt að sækja um nám, enda er háskólum heimilt sbr. 18. gr laga um háskóla (85/2008) að innrita nemendur sem háskólinn meti að búi yfir jafngildum þroska og þekkingu. Umsóknum þeirra skal vísa til kennslunefndar til afgreiðslu, sbr. verklagsreglur þar um.

Sérstök inntökupróf eru fyrir tiltekna námsbrautir.

Nemendur annarra háskóla geta einnig tekið hluta af námi sínu við Háskólann á Hólum enda sé kveðið á um það í sérstökum samningum milli stofnana.

1.2 Inntaka nýnema

Umsóknir berist Háskólanum á Hólum fyrir auglýstan umsóknarfrest í gegnum umsóknarkerfi skólans. Háskólinn skuldbindur sig til að svara öllum umsóknum innan mánaðar frá auglýstum umsóknarfresti. Til að innritast þarf nemandi að standa skil á innritunargjöldum, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

1.3 Námsgjöld

Háskólinn innheimtir sérstök gjöld s.s. fyrir efni, verknám, vettvangsferðir og endurtektarpróf. Nemendur utan EES greiða sérstakt innritunargjald. Allir nemendur greiða staðfestingargjald til þess að staðfesta umsókn.

1.4 Mat á námi

Nemendur, sem áður hafa lokið sambærilegum námskeiðum á sama skólastigi og boðið er upp á, í námi við Háskólann á Hólum, geta sótt um að fá námskeiðin metin til eininga. Við mat á fyrra námi er sérstökum verklagsreglum fylgt. Sótt er um mat á fyrra námi á heimasíðu Háskólans á Hólum, ekki síðar en þremur vikum eftir að námskeiðið hefst. Með umsókninni skal leggja fram staðfest afrit námferils með því námskeiði sem óskast metið. Eldra nám en 10 ára er ekki metið og ef lágmarkseinkunn er 6,0, eða lægri. Heimilt er að leggja fyrir stöðupróf til þess að meta hæfni nemenda.

1.5 Námseiningar - ECTS

Umfang námsins er mælt í ECTS (*European Credit Transfer System*) einingum. Hver eining endurspeglar heildarvinnu nemenda í náminu, s.s. þátttöku í fyrirlestrum, æfingum, verklegum tímum, umræðutímum, prófum og verkefnum auk heimanáms. Miðað er við 25 - 30 klukkustunda vinnu á einingu.

1.6 Námsframvinna

Nemendur skulu ljúka diplómugráðu innan þriggja ára frá fyrstu innritun. Um nám til B.A./B.S.-gráðu gilda eftirfarandi viðmið um námsframvindu: Nemendur ljúki a.m.k. 40 ECTS á fyrsta ári, 90 ECTS á tveimur árum, 140 ECTS eftir þriðja ár og 180 ECTS eftir fjórða ár. Í sérstökum tilfellum, t.d. vegna veikinda eða annarra gildra aðstæðna, getur kennslunefnd samþykkt námstíma allt að sex árum. Kennsluskrifstofa tekur saman gögn um námsframvindu innan skólans í lok vormisseris.

Nemendum er heimilt að sækja um leyfi frá námi allt að tveimur árum. Leyfi frá námi getur þó ekki leitt til lengri heildarnámstíma en sex ára. Umsókn um leyfi skal berast kennsluskrifstofu eigi síðar en 1. júní fyrir nám á haustmisseri og 1. október fyrir nám á vormisseri. Hafi nemandi ekki lokið tilskildum einingum glatar hann rétti sínum til að halda náminu áfram. Nemandanum er þó heimilt að innritast aftur í námið og nýtast honum þá öll námskeið sem hann hefur lokið innan síðustu 10 ára með einkunnina 6,0 eða hærri, svo fremi sem þau séu enn skilgreind sem hluti af viðkomandi námsleið. Háskólinn hefur heimild til að halda stöðupróf í þeim námskeiðum sem um ræðir. Nemendur sem lokið hafa diplómugráðu og óska þess að innritast í B.A./B.S. nám innan sömu deildar fá einingar úr diplómunáminu metnar á sama hátt og í samræmi við reglur um hverja námsleið.

1.7 Prófgráður og lærdómstitlar

Háskólinn á Hólum veitir eftirfarandi lærdómstitla og prófgráður í grunnnámi, í samræmi við lög nr. 85/2008, sem skilgreindar eru í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

- a) Örnám allt til og með 59 ECTS
- b) Diplóma - 60 ECTS
- c) Diplóma - 90 ECTS
- d) Diplóma- 120 ECTS
- e) *Baccalaureus Scientiarum* (B.S.) - 180 ECTS
- f) *Baccalaureus Artium* (B.A.) - 180 ECTS

1.8 Sameiginlegar námsleiðir

Háskólinn á Hólum getur stofnað til sameiginlegra námsleiða með öðrum háskólum. Sérstakar reglur eru settar um hverja námsleið.

1.9 Kennslufyrirkomulag - kennsluskrá

Kennsluárið skiptist í haust-, vor- og sumarönn. Haustönn er frá ágúst til desember, vorönn stendur frá janúar til maíloka og sumarönn frá júní til ágúst.

Kennslunefnd staðfestir, ekki síðar en í febrúar ár hvert, kennsluskrá fyrir verðandi nýnema og gildir hún fyrir nemendur sem innritast það námsár og stunda nám með eðlilegri námsframvindu. Kennsluskrifstofa annast gerð námskrár að fenginni staðfestingu deilda og skulu í henni vera skráð nöfn og númer allra námskeiða og stutt lýsing á efni hvers námskeiðs fyrir sig, ásamt skilgreiningum á hæfniviðmiðum sem nemendum er ætlað að búa yfir við lok námskeiðs. Jafnframt skal tilgreina kröfur um undanfara námskeiðs.

Árlega skal birta kennsluskrá fyrir háskólann í heild. Í kennsluskrá skal birta yfirlit yfir námsleiðir við skólann og námskeið sem kennd eru á viðkomandi skólaári samkvæmt gildandi kennsluskrá. Auk upplýsinga sem fram koma um einstök námskeið í kennsluskrá skal jafnframt tilgreina frekari upplýsingar um umsjónarkennara, lesefni í viðkomandi námskeiði sem og á hvaða tungumáli það er kennt. Í kennsluskrá skulu einnig vera upplýsingar um skólaárið, námsreglur, prófareglur og ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir nemendur. Við Háskólann á Hólum er kennt á íslensku en heimilt er að bjóða kennslu á öðrum tungumálum enda sé þess getið í námskrá.

1.10 Reglur um námsmat

a) Í kennsluskrá kemur fram hvernig staðið er að námsmati í hverju námskeiði. Það er útfært nánar í kennsluáætlun, svo sem skiptingu matsins í próf, skrifleg verkefni, verklegar æfingar o.s.frv. og vægi þeirra í lokaeinkunn viðkomandi námskeiðs. Enn fremur skal skýra í kennsluáætlun fyrir hvaða þætti námskeiðsins nemendur þurfa að standast lágmarkskröfur.

b) Kennarar skulu beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat eftir því sem tók eru á.

c) Lokaeinkunnir í námskeiðum eru vegið meðaltal allra námskeiðshluta og eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 - 10. Þær skulu vera reiknaðar með eftirfarandi hætti: Einkunn sem er jöfn eða hærrí en 0,75 eða 0,25 skal hækkuð upp og einkunn sem er jöfn eða lægri en 0,74 eða 0,24 skal lækkuð niður. Þannig gefa einkunnir 6,75 til 7,24 einkunnina 7,0 og einkunnirnar 7,25 til 7,74 einkunnina 7,5 o.s.frv.

Til þess að ljúka námskeiði verður nemandi að hljóta lokaeinkunnina 5,0 að lágmarki.

Sé einkunn í námskeiði sett saman úr fleiri en einum námskeiðshluta skal reikna undireinkunnir fyrir hvern hluta með einum aukastaf. Ef nemendur þurfa að standast einstaka hluta námskeiðs verða þeir að ná einkunninni 5,0 fyrir viðkomandi hluta.

d) Aðaleinkunn er vegið meðaltal einkunna allra námskeiða í viðkomandi námi.

e) Einkunnir eru trúnaðarmál milli skólans og viðkomandi nemanda sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

1.11 Reglur um skráningu úr námskeiðum

Nemendur geta skráð sig úr námskeiði. Nemandi skal tilkynna kennsluskrifstofu skriflega um skráningu úr námskeiði áður en fjórðungur af námskeiðstímanum er liðinn. Að þeim tíma liðnum gildir regla 1.12 (a) um fjarveru nemanda.

1.12 Reglur um próf, verkefni og endurtökurétt

a) Um forföll í námsmati

Nemandi sem mætir ekki í próf eða þreytir ekki verkefni sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll eða fengið framlengdan skilafrest, telst hafa þreytt prófið/verkefnið og hlýtur einkunnina 0,0. Nemandi sem ekki mætir til prófs/verkefnis vegna veikinda eða annarra samþykktra ástæðna skal tilkynna forföll til kennsluskrifstofu áður en próf hefst og senda inn læknisvottorð. Nemandi sem ekki þreytir verkefni vegna veikinda eða annarra samþykktra ástæðna skal tilkynna forföll áður en skilafrestur verkefnis rennur út og senda inn læknisvottorð. Læknisvottorði skal skilað til kennsluskrifstofu við fyrstu hentugleika en eigi síðar en innan fimm virkra daga, annars telst nemandinn hafa þreytt prófið/verkefnið. Það sama gildir ef um er að ræða veikindi barns og á einnig við ef hestur sem nota átti í prófi, slasast eða veikist.

b) Um mætingu

Tímasókn er frjál, en þó má setja skilyrði um tímasókn námskeiðshluta, t.d. verklega tíma, staðlotur, verknám og vettvangsnám, til að standast námskeiðið. Þetta skal tilgreint í kennsluáætlun sem afhenda ber nemendum við upphaf námskeiðs.

c) Um framlengdan skilafrest

Nemandi getur óskað eftir framlengingu á skilafresti verkefnis hjá kennara viðkomandi námskeiðs. Slík ósk þarf að berast kennara áður en upphaflegur skilafrestur rennur út og nemandi þarf að tilgreina ástæður. Kennari getur synjað ósk um framlengingu.

d) Um sérúrræði og sérstakar aðstæður

Nemandi getur sótt um sérúrræði í prófum vegna lesblindu, fötlunar, annars móðurmáls eða annarra álíka ástæðna. Viðkomandi þarf þá að skila inn til kennsluskrifstofu vottorði frá námsráðgjafa eða öðrum sérfræðingi sem útskýrir og staðfestir ástandið.

Nemendur geta svarað prófum/skilað verkefnum á ensku að fengnu leyfi kennara. Sé námskeið kennt á öðru tungumáli en íslensku. Sem meginreglu skulu nemendur fá verkefni og próf á íslensku, til viðbótar því tungumáli sem námskeiðið er kennt á og er nemendum heimilt að skila verkefnum á íslensku. Hægt er að víkja frá þessari meginreglu séu námsbrautir kenndar á ensku.

e) Um próftöku

Nemendur mega ekki hafa með sér í próf önnur hjálpargögn en þau sem kennari heimilar. Nemendum með erlent móðurmál er heimilt að hafa aðgang að orðabókum, hafi þær ekki aðrar en upprunalegar upplýsingar að geyma.

Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í námskeiðinu á viðkomandi skólaári. Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í prófi skal prófverkefnið og úrlausnin umsvifalaust tekin af nemandanum og málið tilkynnt til deildarstjóra.

f) Um heimildanotkun og ritstuld

Í skriflegum verkefnum og prófum þar sem nemandi hefur aðgang að gögnum skal ávallt geta þess hvaðan texti og upplýsingar eru fengnar og farið rétt með heimildir. Annað telst vera ritstuldur. Verði nemandi uppvís að ritstuldi leiðir það til lækkunar einkunnar fyrir verkefnið. Skal þá kennari ákveða lækkun á einkunn. Sé brotið alvarlegt, að mati kennara, skal málið tilkynnt deildarstjóra.

Ekki má nýta sömu úrlausn verkefnis oftár en einu sinni í náminu.

g) Um viðurlög við brotum nemenda

Málum nemenda sem grunaðir eru um að hafa rangt við í prófi eða eru grunaðir um alvarlegan ritstuld skal vísa til deildarstjóra til úrskurðar, sbr 19. gr. laga nr. 85/2008. Brot af þessu tagi geta leitt til þess að nemandi falli í námskeiðinu og fyrirgeri rétti sínum til endurtöku þess á viðkomandi skólaári. Þau geta einnig leitt til áminningar eða brottvísunar úr skólanum. Áður en ákvörðun um viðurlög er tekin skal gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemandi er heimilt að skjóta ákvörðun deildarstjóra til áfrýjunarnefndar (sjá 3. kafla).

h) Um viðveru kennara og einkunnaskil

Nemandi á rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga. Kennari sem heldur próf skal því vera tiltækur og hægt að ná í hann í síma á meðan á prófi stendur.

Kennarar skulu hafa lokið yfirferð prófa og verkefna og gefið einkunn eigi síðar en tólf virkum dögum eftir að próf er þreytt eða verkefni skilað. Ef misbrestur er á skilum innan tímamarka geta nemendur sent athugasemdir til kennsluskrifstofu eða kennslunefndar.

i) Um ágreining um námsmat

Nemandi á rétt á að sjá prófúrlausnir sínar hjá kennara og fá útskýringar kennara á mati innan 15 daga frá birtingu einkunnar, ef hann óskar þess. Vilji nemandi gera athugasemd við einkunn eftir að hafa rætt við kennara, skal hann skila skriflegum athugasemdum til kennsluskrifstofu innan þriggja vikna frá birtingu einkunnar. Kennslunefnd skipar prófdómara í hverju tilviki. Sérstökum verklagsreglum skal fylgt þegar ágreiningur er um námsmat.

j) Um endurtökurétt

Nemandi sem ekki nær lágmarksloka-einkunn í námskeiði skal endurtaka á sama skólaári þá þætti námskeiðs þar sem hann hefur ekki uppfyllt lágmarkskröfur. Nemandi sem endurtekur þætti námskeiðs getur þó aldrei hlotið hærra einkunn en 5,0 fyrir þá. Standist hann ekki endurtöku viðkomandi námskeiðshluta skal hann endurtaka námskeiðið næst þegar það er haldið. Meginreglan er sú að nemandi geti aðeins endurtekið námskeiðið einu sinni.

Nemandi sem fallið hefur tvisvar í námskeiði skal endurinnritast í námið og gilda þá ákvæði reglu 1.6.

Skrifleg endurtökupróf eru haldin í lok haust- og voranna. Háskólinn innheimtir sérstakt gjald fyrir endurtökupróf, sem miðast við raunkostnað skólans. Nemandi er ekki heimilt að þreyta endurtökupróf fyrr en þetta gjald hefur verið greitt.

Nemandi sem ekki hefur skilað verkefni innan skilafrests og ekki fengið samþykka framlengingu á skilafresti, hefur fyrirgert rétti sínum til endurtöku þessa verkefnis á þeirri önn.

Við endurtöku skriflegs verkefnis skal skilafrestur vera eigi síðar en tveimur vikum eftir að nemandi er birt falleinkunn í viðkomandi verkefni.

Falli nemandi í verklegu prófi eða verkefni skulu líða minnst tveir dagar áður en prófið/verkefnið er endurtekið. Nemandi er heimilt að óska sérstaklega eftir því að fallið sé frá þessari reglu. Skal sú beiðni metin af kennara námskeiðsins í samráði við kennsluskrifstofu.

2.kafli – Reglur um framhaldsnám

2.1. Nám og markmið

Við Háskólann á Hólum er unnt að leggja stund á meistaranám í þeim deildum sem starfandi eru við skólann sem tilgreindar eru í 1 gr. Starfsreglna fyrir Háskólann á Hólum.

Háskólinn á Hólum veitir eftirfarandi lærdómstítla og prófgráður í framhaldsnámi í samræmi við lög nr. 85/2008 með breytingum og viðmið um æðri menntun og prófgráður.

- a) *Viðbótanám á meistarastigi* -ISQF 6.1
(veitir ekki rétt til áframhaldandi náms á doktorsstigi)
- b) *Magister Scientiarum* (M.S.) - 120 ECTS -ISQF 6.2
- c) *Magister Artium* (M.A.) - 120 ECTS - þrep ISQF 6.2

Deildir Háskólans á Hólum skipuleggja og bera faglega ábyrgð á námi á meistarastigi við skólann. Svið rannsókna, nýsköpunar og kennslu hefur umsjón með framhaldsnámi sbr. 8. gr. starfsreglna Háskólans á Hólum.

2.2 Framhaldsnámsnefnd

Framhaldsnámsnefnd er skipuð kennslustjóra og einum fulltrúa hvers deildar. Framhaldsnámsnefnd hefur eftirlit með framvindu framhaldsnáms hvers nemanda, skipar prófdómara og prófnefndir eftir tillögum frá deildum, sér um skipun leiðbeinanda utan skólans. Hún ber ábyrgð á gæðum námsins samkvæmt [starfsreglum Háskólans á Hólum](#). Framhaldsnámsnefnd stýrir ferli umsókna og varna. Til nefndarinnar má vísa meiriháttar málefnum einstakra nemenda en minni háttar málefni afgreiðast hjá deildarstjórum og kennslustjóra í sameiningu. Samkvæmt starfsreglum Háskólans á Hólum er framhaldsnámsnefnd skipuð til tveggja ára í senn og skulu fulltrúar hennar vera úr hópi akademískra starfsmanna.

2.3 Inntökuskilyrði.

Til að geta innritast í nám til meistaraprófs við Háskólann á Hólum þarf nemandi að hafa lokið B.S./B.A./B.Ed. prófi á því fagsviði sem sótt er um eða viðurkenndu sambærilegu námi með einkunn 6,5 eða hærrí. Heimilt er að víkja frá ákvæðum um ofangreindar lágmarkseinkunnir ef fyrir liggja rökstuddar ástæður, svo sem víðtæk starfsreynsla á fræðasviðinu.

Nemendur sem ekki eiga íslensku eða ensku að móðurmáli þurfa að sýna fram á færni í ensku (TOEFL) eða íslensku (ríkisborgarapróf).

Þegar um sameiginlega meistaragráðu milli háskóla er að ræða skal fara eftir samningi um námið.

2.4 Meðferð umsókna og umsóknarfrestur

Sótt er um nám til meistaragráðu við Háskólann á Hólum í gegnum umsóknargátt á skilgreindum umsóknartíma. Heimilt er að taka við umsóknum utan hefðbundins umsóknarfrests í samráði við deildir skólans og væntanlegan leiðbeinanda.

Ferli umsókna um meistaranámið er eftirfarandi:

Nemandi sækir um inngöngu í meistaranám í umsóknargátt. Með umsókn fylgi; staðfesting á fyrra námi, afrit af prófskírteinum, stutt lýsing á rannsóknaráætlun sem unnin er í samvinnu við væntanlegan umsjónarkennara og /eða leiðbeinanda nemandans við HH (sjá hlutverk gr. 2.5) og greinargerð um fjármögnun.

Um ákveðnar námsbrautir geta átt við sértækar reglur svo sem námsbrautir sem eru boðnar í samstarfi við aðra háskóla.

Kennsluskrifstofa skráir og sendir mat á frumgögnum og afrit umsókna og gagna til deilda og framhaldsnámsnefndar.

Framhaldsnámsnefnd afgreiðir umsóknir og skipar umsjónarkennara að fenginni tillögu deildar. Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á mati á hæfi umsjónarkennara. Umsjónarkennari aðstoðar umsækjanda við að vinna drög að námsáætlun.

Afgreiðslu umsókna skal lokið svo fljótt sem auðið er eftir að fullunnin umsókn berst (sjá nánar í Meistarahandbók).

Hafi framhaldsnámsnefnd samþykkt umsókn, annast kennsluskrifstofa skráningu nemandans til náms, og sér um að svið mannauðs, gæða og rekstrar innheimti árleg innritunargjöld.

Framhaldsnámsnefnd sendir afgreiðslu sína til deildar.

Hafi nemandi skipt um fagsvið frá grunnnámi til meistaranáms getur meistaranámsnefnd ákvarðað nauðsynlega undanfara sem skilyrði þess að nemandi sé samþykktur í námið.

Bætast þá nauðsynlegir undanfarar við námskeiðshluta námsins og ber meistaranemum að ljúka undanförum í upphafi náms. Gera skal grein fyrir undanförum í námsáætlun.

2.5 Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver nemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastráðinna akademískra starfsmanna (þeirra sem hlotið hafa hæfnisdóm til að gegna stöðu háskólakennara skv. lögum nr. 85/2008). Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar og staðfesta námsframvindu. Nemandi ráðfærir sig við umsjónarkennara sinn um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu.

Umsjónarkennari er að öllu jöfnu einnig leiðbeinandi í meistaraverkefninu. Þegar að leiðbeinandi er ekki akademískur starfsmaður stofnunarinnar skal hann vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi fræðasviði og hafa birt ritsmíðar í ritryndum alþjóðlegum tímaritum á sviðinu. Rannsóknarverkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans og fyrir liggja samþykki deildar.

Hlutverk leiðbeinanda er að leiðbeina nemanda og fylgjast með framgangi meistaraverkefnisins.

Leiðbeinandi fundar með nemanda eins og leiðbeiningarsamningur (nánar um hann í Meistarahandbók) segir til um og ritar nemandinn fundargerð og sendir hana eftir staðfestingu leiðbeinanda til kennsluskrifstofu þar sem fram kemur framvinda og staða verkefnis miðað við áætlun. Einingar fyrir vinnu við rannsóknarverkefnið eru færðar á nemandann út frá því sem þarna kemur fram. Fullnægjandi framvinda er skilyrði fyrir skráningu á næsta námsári. Meistaraneми getur skotið ágreiningi við leiðbeinanda til framhaldsnámsnefndar. Meistaraneми getur skotið ágreiningi við framhaldsnámsnefnd til deildarstjóra.

Þegar um sameiginlegar námsleiðir fleiri háskóla er að ræða skal fara eftir samingi þeirra um námið og önnur tímasetning getur gilt þegar um skipun umsjónarkennara er að ræða.

2.6 Meistaraneфnd

Meistaraneфnd skal skipuð allt að þremur sérfræðingum á fræðasviðinu og er einn þeirra umsjónarkennarinn/leiðbeinandinn. Ef umsjónarkennari telur það nauðsyn getur einn sérfræðinganna verið utan Háskólans á Hólum. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að framvinda verkefnisins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur Háskólans á Hólum. Nefndin metur framvindu námsins og gæði vinnunnar út frá frammistöðu nemanda.

2.7 Prófdómari og meistaraprófsnefnd

Framhaldsnámsnefnd skipar meistaraprófsnefnd nemandans að fenginni tillögu umsjónarkennara. Faglegt mat á hæfi meistaraprófsnefndar er í höndum umsjónarkennara og deildar.

Meistaraprófsnefnd nemandans skal skipuð prófdómara, leiðbeinanda, fulltrúa úr meistaránámsnefnd og formanni dómnefndar.

Meistaraprófsnefnd leggur mat á lokaverkefni meistaránema.

Prófdómari, tilnefndur af meistaranefnd og skipaður af framhaldsnámsnefnd, skal leggja mat á lokaverkefni meistaránema ásamt prófnefnd. Prófdómari kemur ekki úr röðum starfsmanna Háskólans á Hólum. Prófdómari skal hafa lokið meistaraprófi hið minnsta og njóta viðurkenningar á fagsviði sínu.

Framhaldsnámsnefnd tilnefnir formann meistaraprófsnefndar til þess að stýra vörninni og er það oft fulltrúi viðkomandi deildar í framhaldsnámsnefnd eða deildarstjóri. Formaður meistaraprófsnefndar tryggir samræmingu í starfi meistaraprófsnefnda innan deilda.

2.8 Tímalengd náms og einingafjöldi

Viðbótarpróf á meistarastigi (ISQF 6.1) byggir á minnst 30 ECTS námi yfir 6 mánuði. Nám til meistaraprófs (M.A./M.S.) er 120 ECTS (tveggja ára full vinna). Meistaránám skal innihalda rannsóknarverkefni (30, 60 eða 90 ECTS). Einnig þarf nemandi að sækja námskeið (30, 60 eða 90 ECTS), sem samþykkt eru af framhaldsnámsnefnd.

Sjái nemandi fram á að geta ekki lokið náminu á tveimur árum, skal hann sækja um áframhaldandi innritun til framhaldsnámsnefndar, þó þannig að heildarnámstími verði ekki lengri en þrjú og hálf ár. Í sérstökum tilfellum, t.d. ef nemandi stundar nám sem hlutastarf, getur framhaldsnámsnefnd samþykkt námstíma allt að fimm árum.

2.9 Námsáætlun.

Meistaránema ber að funda með umsjónarkennara við upphaf náms og setja fram námsáætlun yfir áætluð námskeið og meistaraverkefni eins og kostur er.

Í meistaránámi skal rannsóknaráætlun bætt við námsáætlun í síðasta lagi í lok 1. misseris námsins ef um 90 ECTS verkefni er að ræða, í lok 2. misseris ef verkefni er 60 ECTS eða í lok 3. misseris ef verkefni er 30 ECTS.

Deildir geta sett sér nánari reglur um meðferð og innihald námsáætlunar.

Þegar um sameiginlegar námsleiðir fleiri háskóla er að ræða skal fara eftir samingi þeirra um námið og önnur tímasetning getur gilt þegar námsáætlun er sett fram og rannsóknaráætlun fyrir meistaraverkefni.

2.10 Kröfur um námskeið.

Í meistaranámskeiðum er lágmarkseinkunn 5,0. Námskeið skulu vera á framhaldsnámsstigi við Háskólann á Hólum eða aðra viðurkennda háskóla.

Öllum námskeiðum skal ljúka með viðeigandi námsmati í samræmi við skilgreinda námsáætlun. Námskeiðum sem tekin eru við viðurkennda háskóla aðra en Háskólann á Hólum þarf að ljúka í samræmi við kröfur þess skóla.

Almennt skulu námskeið til meistaragráðu vera á kennd á meistarastigi. Í sérstökum tilfellum þar sem sérhæfð námskeið á fræðasviði meistararannsóknar eru ekki í boði á framhaldsstigi er heimilt að taka allt að 12 ECTS einingar á grunnstigi að fengnu samþykki meistaranefndar og skal þá nemandi hljóta að lágmarki 6,0 í einkunn í þeim námskeiðum

2.11 Námsmat.

Innan eins árs frá upphafi náms til meistaraprófs skal nemandi halda opinn fyrirlestur (t.d. á málstofu) þar sem fræðilegar forsendur rannsóknarverkefnis eru reifaðar, rannsóknaráætlun er skýrð og fyrstu niðurstöður kynntar, ef við á.

Þegar um sameiginlegar námsleiðir fleiri háskóla er að ræða skal fara eftir samingi þeirra um námið og önnur tímasetning getur gilt um tímasetningu opins fyrirlesturs en þó skal ekki halda hann seinna en í lok þriðja misseris.

Á grundvelli þessara gagna leggur meistaranefnd nemandans mat á framvindu námsins og hvort nemandi skuli leyft að halda áfram meistaránámi. Ef nefndin metur það svo að nemandi skuli synjað um áframhaldandi nám skal framhaldsnámsnefnd einnig fjalla um og skera úr um málið. Nemandi skulu þá kynntar niðurstöður matsins skriflega með fullnægjandi rökstuðningi.

Rannsóknarverkefni til meistaraprófs lýkur með því að nemandi leggur fram ritgerð.

Skil verkefna að stærð 30 ECTS lýkur með því að nemandi kynnir verkefnið í fyrirlestri. Ritgerð skal skilað inn til kennsluskrifstofu sem fer yfir námsferil nemandans og upplýsir framhaldsnámsnefnd um skil nemandi. Mat á ritgerð skal liggja fyrir innan við 4 vikum frá skilum.

Skil verkefna að stærð 60 og 90 ECTS innihalda ritgerð, fyrirlestur um verkefnið og vörn ritgerðar fyrir meistaraprófsnefnd (sjá grein 2.7). Ritgerð skal skilað inn til kennsluskrifstofu, í síðasta lagi þremur vikum áður en meistaravörn fer fram, sem fer yfir námsferil nemandans og upplýsir framhaldsnámsnefnd um skil nemandi.

Prófnefnd gefur eftirfarandi umsagnir:

Staðið með ágætum - Framúrskarandi vinna án athugasemda.

Staðið - Minni háttar athugasemdir við ritgerð sem nemi lagar í samráði við umsjónarkennara og leiðbeinanda.

Staðið með skilyrðum - Nemandi þarf að gera viðamiklar breytingar á ritgerð og fær til þess einn mánuð. Breytingarnar skulu bornar undir meistaraprófnefnd og telji hún þær ekki fullnægjandi, telst nemandinn fallinn.

Fallið - Ófullnægjandi árangur annað hvort í ritgerð eða vörn. Falli nemandi á meistaraprófsvörninni er honum heimilt að endurtaka hana innan mánaðar; falli hann á ritgerðinni hefur hann sex mánuði til að endurbæta hana og verja aftur. Nemandi getur ekki gert fleiri en tvær tilraunir til varnar á sömu meistararitgerð/verkefni.

Meistaraprófsvörn felst í því að nemandi kynnir verkefni sitt með auglýstum opnum fyrirlestri í viðurvist prófnefndar. Vörninni er stýrt af stjórnanda skipuðum af Framhaldsnámsnefnd (sjá 2.7). Gert er ráð fyrir um 20 mínútna fyrirlestri og að gefinn sé kostur á u.þ.b. 10 mínútna fyrirspurnatíma fyrir almenning. Þá er gert hlé og eftir hlé eru einungis leyfðar spurningar frá prófnefnd. Að jafnaði skal vörn (fyrirlestur og spurningar) ekki vera lengri en 2 klst, nema framlenging þjóni hagsmunum nemandans.

Nemandi þarf að skila drögum að fyrirlestraglærum sínum til leiðbeinanda í síðasta lagi þremur dögum fyrir lokafyrirlesturinn.

2.12 Frágangur meistararitgerðar.

Endanlegri útgáfu meistaraprófsritgerðar skal skilað eigi síðar en einum mánuði frá meistaravörn (sjá 2.11). Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku, en útdráttur og heiti ritgerðar á báðum tungumálum skal fylgja hverri meistaraprófsritgerð. Uppsetning og frágangur ritgerðar skal fylgja sniðmáti sem framhaldsnámsnefnd hefur samþykkt.

Þegar endanlegu eintaki er skilað, skilar nemandi jafnframt rafrænu eintaki í Skemmu.

2.13 Tengsl við aðra háskóla

Hluta meistaranáms má stunda við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsóknastofnanir.

Háskólinn á Hólum getur stofnað til sameiginlegra námsleiða með öðrum háskólum.

Sérstakar reglur eru settar um hverja námsleið.

Reglur um grunnnám sem einnig gilda um meistaranám

Um meistaranám gilda einnig námsreglur 1.3, 1.4, 1.5, 1.6, 1.8, 1.9, 1.10, 1.11 og 1.12.

3. kafli - Reglur um málskotsrétt nemenda

3.1 Niðurstöður námsmats og úrskurðir deilda

Nemendur geta áfrýjað niðurstöðum námsmats, sbr. gr. 1.12, lið i í námsreglum.
Nemendur geta áfrýjað öðrum úrskurðum deilda/deildarstjóra.

3.2 Úrskurðarnefnd kærumála

Sætti nemandi sig ekki við úrskurð deildarstjóra getur hann áfrýjað honum innan tveggja vikna frá því að honum er birtur úrskurður. Áfrýjun skal skila til rektors sem skipar úrskurðarnefnd kærumála í hvert skipti. Nefndin skal skila úrskurði innan tveggja vikna frá því að hún fær erindið. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar deildar/deildarstjóra.

3.3 Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema

Sætti nemandi sig ekki við úrskurð nefndarinnar getur hann samkvæmt 19. gr. laga nr. 85/2008 og reglum menntamálaráðuneytis nr. 550/2020 skotið máli sínu til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema.

Samþykkt af háskólaráði Háskólans á Hólum þann 19.03.2026